

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins
Álfabakka 16
109 Reykjavík

Reykjavík, 17. mars 2022

Efni: Vegna innkaupa á hraðprófum fyrir COVID-19


Vísað er til fyrri erinda Félags atvinnurekenda vegna innkaupa Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu á hraðprófum fyrir COVID-19. Félagið hefur kært innkaup Heilsugæslunnar á hraðprófum fyrir COVID-19 á tímabilinu maí 2021 til janúar 2022 til kærunefndar útboðsmála.

Í erindi Heilsugæslunnar, dags. 4. febrúar sl., kom fram að útlit væri fyrir verulegan samdrátt á sýnatökum með hraðprófum og því ekki þörf á frekari innkaupum að sinni. Síðan hefur það gerst að sóttvarnaryfirvöld hafa ákveðið að eingöngu hraðgreiningarpróf verði í boði fyrir þá sem vilja fá staðfestingu á COVID-smiti, sbr. tilkynningu sóttvarnalæknis dags. 23. febrúar sl..

Miðað við tölur sem birtar eru á covid.is hafa undanfarið verið tekin á bilinu þrjú þúsund til sjö þúsund hraðpróf á dag, þar af væntanlega stór hluti hjá Heilsugæslunni. Félagsmenn FA, sem hafa aðild að gagnvirku innkaupakerfi vegna innkaupa á hraðprófunum, hafa engu að síður ekki orðið varir við að innkaup hafi farið fram innan innkaupakerfisins. FA óskar eftir upplýsingum um hvort frekari innkaup hafi átt sér stað eftir 6. janúar sl. og hvort Heilsugæslan telji að neyðarástand sé enn fyrir hendi – og þá með hvaða rökum.

Félagið telur ástæðu til að brýna fyrir Heilsugæslunni að fara eftir ákvæðum laga nr. 120/2016 um opinber innkaup en frekari innkaup á hraðprófum sem fara fram utan innkaupakerfisins verða einnig kærð til kærunefndar útboðsmála.

Virðingarfyllt
f.h. Félags atvinnurekenda



Guðný Hjaltadóttir, lögfræðingur